



Íslensk málnefnd

Ályktun um stöðu íslenskrar tungu 2018

15. nóvember 2018

Íslensk málnefnd er skipuð af menntamálaráðherra samkvæmt lögum nr. 61/2011 um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls. Eitt af hlutverkum Íslenskrar málnefndar er að álykta árlega um stöðu tungunnar. Hér fer á eftir ályktun Íslenskrar málnefndar um stöðu íslenskrar tungu 2018.

Íslenska á ferðaöld

Í ólgusjó alþjóðavæðingar

Um allan heim eiga tungumál fámennra þjóða undir högg að sækja. Á Íslandi fer þeim óðum fjölgandi sem ekki hafa íslensku að móðurmáli. Er þar bæði um að ræða erlent fólk sem sest hefur hér að um lengri eða skemmri tíma og ferðamenn sem koma hingað milljónum saman á ári hverju. Íslendingar, allir sem einn, verða að velta fyrir sér hvaða áhrif þessar nýju aðstæður kunna að hafa á íslenska tungu og hvað þjóðin getur gert og ætti að gera til að tryggja vöxt og viðgang tungunnar svo hún verði áfram gjaldgeng á öllum sviðum þjóðlífsins og að líkur á algjöru rofi á milli nútímaíslensku og hins forna ritmáls verði sem minnstar.

Óhjákvæmilegt og sjálfsagt er að samskipti Íslendinga við erlenda ferðamenn sem hingað koma fari að miklu leyti fram á öðrum málum en íslensku. En þá er mikilvægt að vera á varðbergi gagnvart því að aukin notkun erlendra mála, einkum ensku, er líkleg til að hafa áhrif á íslenskt mál og ekki síst *viðhorf* málnotenda til þess. Það viðhorf virðist breiðast út að eðlilegt og sjálfsagt sé að taka ensku fram yfir íslensku og nota hana á æ fleiri sviðum. Þetta er einkum áberandi í tengslum við verslun og viðskipti. Þannig eru nöfn fyrirtækja, auglýsingar, matseðlar veitingahúsa og upplýsingar á heimasíðum oft eingöngu á ensku þótt markhópurinn sé Íslendingar ekki síður en útlendingar. Allir hafa heyrt sögur af fólki í þjónustustörfum á Íslandi sem hvorki skilur né getur tjáð sig á íslensku. Ekki er við fólkið sjálft að sakast en metnaðarleysi stjórnenda og eigenda fyrirtækja á þessu sviði er víða áberandi.

Tilhneiging til enskunotkunar er ekki bundin við málnotkun í viðskiptum. Þess eru dæmi að ungir Íslendingar, allt niður í börn, kjósi að hafa samskipti á ensku þótt hún sé ekki móðurmál þeirra.

Áður höfðu menn áhyggjur af óæskilegum áhrifum erlendra mála á íslensku. Nú óttast margir að enska kunni að ryðja henni úr vegi.

Ekki má gleyma að velta stöðu þessara mála fyrir sér út frá sjónarhóli innflytjenda. Þá kemur í ljós að eitt og annað má betur fara. Námsleg staða margra erlendra nemenda í íslenskum skólum er veik, þörfum þeirra er illa sinnt og algengt er að þeir flosni upp úr námi. Undirbúningur og endurmenntun kennara til að skipuleggja kennslu erlendra nemenda er langt frá því að vera fullnægjandi. Sveitarfélögum er í sjálfs vald sett hversu miklum fjármunum þau verja til kennslu íslensku sem annars máls í leik- og grunnskólum. Formaður skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar lýsti ekki alls fyrir löngu þeirri skoðun sinni að skólakerfið hefði ekki staðið sig nógu vel við menntun barna af erlendum uppruna.ⁱ Undir það tekur Íslensk málnefnd.

Svipaða sögu er að segja varðandi fullorðna innflytjendur. Fjárframlög til kennslu í íslensku sem öðru máli eru hvergi nærri nógu mikil. Styrkir, sem veittir voru til íslenskukennslu fyrir fullorðna innflytjendur, voru 240 milljónir króna árið 2008, 120 milljónir árin 2016 og 17 og sú upphæð er óbreytt nú á árinu 2018. Kostnaður einstaklinga við íslenskunám er svo hár að líklegt er að hann fæli marga frá. Sjálfir finna innflytjendur fyrir skorti á stefnumörkun á þessu sviði og kvarta jafnframt undan því að algengt sé að Íslendingar vilji fremur tala við þá ensku en íslensku.ⁱⁱ Nýlega birtist á frettabladid.is viðtal við sómalska stúlku sem veitt var hæli hér 2014, þá sextán ára gamalli. Hún skýrir frá því að áður en henni var boðin kennsla í íslensku var hún send á enskunámskeið.ⁱⁱⁱ

Ástæða er til að óttast að verði aðfluttum Íslendingum ekki auðveldað að ná tökum á íslensku og þeir hvattir til þess með öllum ráðum aukist líkur á aðgreindu samfélagi þar sem misrétti blómstrar og lífsgæðum stórra hópa er ógnað. Og í allri umræðu um íslensku sem annað mál er nauðsynlegt að undirstrika að íslenska getur verið margs konar og tilbrigði í framburði, beygingum og setningagerð geta verið með ýmsu móti og að aldrei má nota ólík tók fólks á tungumáli til ómálefnalegrar mismununar.

Eitt í orði – annað á borði

Sú þróun sem hér hefur verið lýst hefur orðið þrátt fyrir að önnur grein laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls kveði á um að stjórnvöld skuli tryggja að unnt sé að nota íslenska tungu á öllum sviðum íslensks þjóðlífs og í fimmtu grein laganna segir að ríki og sveitarfélög beri ábyrgð á að varðveita og efla tunguna og sjá til þess að hún sé notuð. Þessa skyldu virðast stjórnvöld ekki taka sérlega alvarlega. Í orði kveðnu taka þó flestir undir mikilvægi þess að tungunni sé sýnd ræktarsemi og henni viðhaldið. Í því sambandi má nefna að undanfarin misseri hafa ýmsar opinberar stofnanir og höfuðborgin sett sér málstefnu. Samtök atvinnulífsins hafa einnig lýst vilja sínum til að íslensk tunga haldi stöðu sinni. Allt er þetta lofsvert en ekki verður fram hjá því horft að lítt virðist um það hirt

hvernig farið er eftir þessum stefnuþlögum í raun. Íslenskri tungu verður ekki við haldið með laglega orðuðum samþykktum og stefnuyfirlýsingum einum saman.

Í áðurnefndri fimmtu grein laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls segir orðrétt: *Ráðuneytið [mennta- og menningarmálaráðuneytið] fylgist með því hvernig lögum þessum er framfylgt og getur krafist einstakrar stjórnsýslustofnanir um skýrslur þar að lútandi.* Íslensk málnefnd telur að þetta verkefni verði ráðuneytið að taka miklu fastari tókum en gert hefur verið.

Bjartari tímar?

Nýlega kynnti mennta- og menningarmálaráðherra tillögur sínar um aðgerðir til eflingar íslenskri tungu. Þar eru margar góðar hugmyndir sem ætla má að miklu skipti, komi þær til framkvæmda. Við nefnum nokkur atriði:

- aðgengi almennings að orða- og málfarssöfnum á netinu verði tryggt notendum að kostnaðarlausu
- þeir sem búsettir eru á Íslandi og hafa annað móðurmál en íslensku fái tækifæri til íslenskunáms í samræmi við þarfir hvers og eins og menntakerfið verði styrkt til að sinna nýjum fjöltyngdum og fjölmennningarlegum nemendahópi
- íslenskukennsla verði eflað á öllum skólastigum og vægi íslenskukennslu í almennu kennaranámi verði stóraukið
- máltækniáætlun er að fullu fjármögðuð.

Margt fleira mætti nefna en við viljum sérstaklega benda á fyrirætlanir ráðherra um vitundarvakningu í samfélaginu um mikilvægi íslensku. Það eru nefnilega viðhorf okkar málnotendanna sem skipta mestu um framtíð tungunnar. Þótt svo sé að orði komist að enska kunni að ryðja íslensku úr vegi er nauðsynlegt að hafa í huga að íslensku verður ekki rutt úr vegi af öðrum en þeim sem hafa hana að móðurmáli og það gera þeir með því að hætta að nota hana og láta sér fátt um hana finnast. Við treystum því að ríkisstjórnin fylgi fyrirætlunum mennta- og menningarmálaráðherra eftir með markvissum aðgerðum og við skorum á alla Íslendinga, einstaklinga, fyrirtæki, skóla og stofnanir, að bregðast vel við þeirri viðleitni sem nú er sýnd til að efla íslenska tungu og hugleiða þau margvíslegu verðmæti, menningarleg og félagsleg, sem fólgin eru í styrkri stöðu tungunnar.

Hér að framan var að því vikið hve illa er með því fylgst hvernig lögum um stöðu íslenskrar tungu er framfylgt. Því leggur Íslensk málnefnd til að innan mennta- og menningarmálaráðuneytisins verði komið á fót embætti umboðsmanns íslensku sem hafi m.a. það hlutverk að fylgjast með framkvæmd laga um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls og skili árlega skýrslu til ráðherra um störf sín.

ⁱ <http://www.visir.is/g/2018180219881>

ⁱⁱ <http://www.visir.is/g/2017171029907>

ⁱⁱⁱ <https://www.frettabladid.is/frettir/eg-kom-hinga-ein-eg-er-ekkert-a-fara-a-tnast>